

Sp.

271. Fyrirspurn

[250. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðlag og sölu á kindakjöti.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvert var heildsöluverð á kindakjöti, smjöri og mjólk að meðaltali hvert ár frá 1976–86, einnig reiknað á föstu verði samkvæmt verðlagi í árslok 1986?
2. Hverju námu niðurgreiðslur á verði þessara vörutegunda sama tímabil, reiknað með sama hætti?
3. Hvert er sölumagn á þessum vörum sama tímabil?
4. Hvert var heildsöluverð þessara vara í hlutfalli við framfærsluvísitölu þetta tímabil?
5. Hvert var smásöluverð þessara vara sama tímabil — áætlað meðalverð samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar eftir að álagning var gefin frjáls?

Skriflegt svar óskast.